

Hússtjórn Þjóðveldisbæjar

Teams fjarfundur

28.10.2024

kl. 10:30-10:50

Mætt: Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Guðmundur Finnbogason og Harpa Þórsdóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll: Vilhelmína Jónsdóttir.

## Fundargerð

### Efni fundarins: Tilboð Unnsteins Elíassonar

Guðmundur hafði rýnt tilboð UE og taldi tímagjald ekki fráleitt, í hærri kanti þó skv. álitsgjöfum.

Harpa benti á, eftir að sérfræðingar Þjms rýndu, að passa þyrfti kostnað sem tæki til leigu á vélum og við þyrftum betri upplýsingar um þann kostnað (í tilboðsbréfi UE segir: *Vélavinna sem fellur til í tengslum við vinnuna verði unnin af aðilum á svæðinu sem heppilegt þyki að fá í verkið. Vélavinna, efni og flutningur á því verði rukkað beint til verkkaupa.*)

Fundarmenn sammála að Harpa óskar eftir nánari upplýs. frá UE varðandi þetta og eins að áætla fyrir húsnæði og mat fyrir verkið í maí. Bjarni kannar gistimöguleika í nágrenninu. Landsvirkjun ekki augljós leið eins og staðan er.

Fundarmönnum leist vel á drögin að verkáætlun sem GF setti fram um framtíðarviðhald (t-póst 23.10.'24) en mun koma betur í ljós. Sýn hússtjórnar að viðgerð á búi sé forgangur og fjármunir sem eru fyrir hendi til viðgerða verði vel varið í það verkefni á næsta ári. Byrji í maí 2025.

Önnur mál:

- Guðmundur: Máldaginn er langt kominn, komið gott uppkast sem hefur gengið á milli Vilhelmínu og Guðmundar og lögfræðinga beggja megin. Stefnum að því að ljúka fyrir áramót. Fara yfir uppkastið á næsta fundi. Ræða framlagstölur. Sveitarfélagið hefur bæst við, og talan nokkuð staðfest, 2 millj. Ánægja hússtjórnar með það. Væntingar okkar að heildarframlag pr. ár náist í kringum 9 millj. Stefnum á fund e. viku. 4. nóv.
- Guðmundur: Rafmagnstölur eru ekki komnar, mál í vinnslu. Bíðum upplýsinga frá rekstraraðila og þá er hægt að leggja inn umsókn um styrk til Landsvirkjunar. Verið að vinna með vatnið. Vilji til að ganga vel frá því. Tankur er hærri en bílastæði og því líklegt að sjálfrenni niður í verðandi þjónustuhús, og þaðan verði hægt að dæla uppeftir.
- Rekstraraðilar lokuðu í ár helgina fyrir 15. okt.

Fleira var ekki rætt.